



Borðtennisdeild Víkings

Bikarkeppni félaga 3. nóvember 2018.

**Bikarkeppni félaga í borðtennis fer fram í TBR-Íþróttahúsinu
laugardaginn 3. nóvember 2018 kl. 13:00.**

Mótið er í umsjón Borðtennisdeildar Víkings.

Leikið verður samkvæmt reglugerð BTÍ um keppnina.

Fyrirkomulag keppni er eftirfarandi:

Í lið þarf að lágmarki 2 karla og 1 konu. Þar sem um bikarkeppni félaga er að ræða skulu allir leikmennirnir vera í sama félagi. Hver leikmaður má aðeins leika í einu liði. Leikið er með úrsláttarfyrirkomulagi. Það lið sigrar sem fyrr hlýtur 4 vinninga og lýkur þá leik.

Leiknir eru 7 leikir í þessari röð:

1. Einliðaleikur karla A – X
2. Einliðaleikur karla B-Y
3. Einliðaleikur kvenna
4. Tvíliðaleikur karla
5. Tvenndarkeppni
6. Einliðaleikur karla A-Y
7. Einliðaleikur karla B-X

Þar sem um bikarkeppni er að ræða eru lið dregin úr einum potti fyrir hverja umferð. Tapi lið leiknum er það úr leik. Leikið verður með Stiga 3ja stjörnu kúlum. Verðlaun verða veitt fyrir fjögur efstu sætin og bikarmeistararnir fá farandbikar til varðveislu í eitt ár.

Þátttökugjaldið í mótið er kr. 5.000 á lið. Yfirdómari: Árni Siemsen.

**Dregið verður í mótið fimmtudaginn 1. nóvember kl. 18:00 í
TBR-Íþróttahúsinu.**

Skráningar: Pétur s-8940040/pos@itn.is

Síðasti skráningardagur er fimmtudagur 1. nóvember kl. 16:00.

Með Borðtenniskveðju
F.h. Borðtennisdeildar Víkings
Pétur Ó. Stephensen

